

Tillaga til þingsályktunar

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 44/2004, um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn.

(Lögð fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 44/2004 frá 23. apríl 2004, um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn tilskipun ráðsins 2003/72/EB frá 22. júlí 2003 um viðbætur við samþykktir fyrir evrópsk samvinnufélög að því er varðar aðild starfsmanna.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

1. Inngangur.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 44/2004 frá 23. apríl 2004, um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun ráðsins 2003/72/EB frá 22. júlí 2003 um viðbætur við samþykktir fyrir evrópsk samvinnufélög að því er varðar aðild starfsmanna.

Ákvörðun þessi kallar á lagabreytingar hér á landi og var tekin af sameiginlegu EES-nefndinni með stjórnskipulegum fyrirvara af Íslands hálfu. Í tillögu þessari er gerð nánari grein fyrir því hvað felst í slíkum fyrirvara, sbr. 103. gr. EES-samningsins. Jafnframt er gerð grein fyrir efni þeirrar tilskipunar sem hér um ræðir. Gerð þessi felur ekki í sér breytingar á þeim meginreglum sem í EES-samningnum felast.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem hér um ræðir er prentuð sem fylgiskjal með tillögu þessari ásamt gerðinni sjálfri.

2. Um stjórnskipulegan fyrirvara.

EES-samningurinn er reglulega uppfærður með breytingum á viðaukum og bókunum við samninginn. Ákvarðanir um þessar breytingar eru teknar í sameiginlegu EES-nefndinni og með þær hefur ávallt verið farið sem hverja aðra þjóðréttarsamninga. Samkvæmt EES-samningnum skuldbinda þær aðildarríkin að þjóðarétti um leið og þær hafa verið teknar, nema eitt-hvert þeirra beiti heimild í 103. gr. EES-samningsins til að setja fyrirvara um að ákvörðun geti ekki orðið bindandi strax vegna stjórnskipulegra skilyrða heima fyrir. Viðkomandi aðildarríki hefur þá sex mánaða frest frá töku ákvörðunar í sameiginlegu nefndinni til að aflétta

fyrirvaranum. Að því er Ísland varðar hefur slíkur fyrirvari almennt einungis verið settur þegar innleiðing ákvörðunar kallar á lagabreytingar hér landi, en í því tilvikum leiðir af 21. gr. stjórnarskrárinnar að leita ber eftir samþykki Alþingis áður en ákvörðun er staðfest. Slíkt samþykki getur Alþingi alltaf veitt með viðeigandi lagabreytingu, en einnig hefur tíðkast að heimila stjórnvöldum að skuldbinda sig að þjóðarétti með þingsályktun áður en landsréttinum er með lögum breytt til samræmis við viðkomandi ákvörðun. Í seinni tíð hefur það verið viðtekinn háttur við staðfestingu þeirra ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar, sem krefst lagabreytinga að innleiða, enda kemur hvortveggja til, að frestur til að aflétta hinum stjórnskipulega fyrirvara er tiltölulega skammur, auk þess sem ekki er alltaf tímabært að innleiða ákvörðun um leið og hún er tekin

3. Tilskipun ráðsins 2003/72/EB frá 22. júlí 2003 um viðbætur við samþykktir fyrir evrópsk samvinnufélög að því er varðar aðild starfsmanna.

Hinn 22. júlí 2003 samþykkti Evrópusambandið reglugerð nr. 1435/2003, um samþykktir fyrir evrópsk samvinnufélög. Samhliða var samþykkt tilskipun nr. 2003/72/EB um viðbætur við samþykktir fyrir evrópsk samvinnufélög að því er varðar aðild starfsmanna. Í stuttu máli má segja að meginmarkmið löggjafar um evrópsk samvinnufélög sé að gera einstaklingum, með búsetu í mismunandi aðildarríkjum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eða lög-aðilum, sem stofnaðir eru samkvæmt lögum mismunandi aðildarríkja, kleift að stofna evrópskt samvinnufélag. Enn fremur veitir hún svigrúm til að koma á fót evrópsku samvinnufélaga með samruna tveggja samvinnufélaga, sem fyrir eru, eða með því að breyta innlendu samvinnufélaga yfir í nýja formið án þess að slíta því fyrst hafi það samvinnufélag skráðá skrifstofu eða aðalskrifstofu í einu aðildarríki og starfsstöð eða dótturfyrirtæki í öðru aðildarríki.

Tilskipun 2003/72/EB er ætlað að vernda rétt starfsmanna til aðildar að málum og ákvörðunum sem snerta starfsemi evrópska samvinnufélagsins sem þeir vinna hjá. „Þátttaka starfsmanna“ táknar í tilskipuninni að fulltrúar starfsmanna geti haft bein áhrif á málefni félagsins með rétti til að greiða atkvæði eða tilnefna einhverja fulltrúa í framkvæmdastjórn eða stjórn félagsins eða rétti til að mæla með og/eða gegn tilnefningu einhvers eða allra fulltrúa í þessar stjórnir. „Aðild starfsmanna“ er hins vegar skilgreint sem hvert það fyrirkomulag, þ.m.t. upplýsingamiðlun, samráð og þátttaka, þar sem fulltrúar starfsmanna geta haft áhrif á ákvarðanatöku í félaginu. Loks er „samráð“ skilgreint sem viðræður og skoðanaskipti fulltrúanefndar starfsmanna og/eða fulltrúa starfsmanna og þar til bærrar stofnunar viðkomandi evrópsks samvinnufélags, á þeim tíma, á þann hátt og með því inntaki sem gerir fulltrúum starfsmanna kleift, á grundvelli fenginna upplýsinga, að láta í ljós álit sitt á ráðstöfunum sem þar til bera stofnunin hefur fyrirhugað og kann álitid að verða tekið til greina við ákvarðanatökur í félaginu.

Vegna margbreytilegra reglna og venja sem fyrir hendi eru í aðildarríkjunum, um það hvernig fulltrúar launamanna taka þátt í ákvarðanatöku í samvinnufélögum, er ekki mælt fyrir í tilskipuninni um eina evrópska fyrirmynd að þátttöku launamanna fyrir öll evrópsk samvinnufélög. Tilskipunin leggur hins vegar þá skyldu á aðildarríki að þau tryggi fasta málsmeðferð um upplýsingamiðlun og samráð á fjölþjóðlegum grundvelli í öllum tilvikum þegar evrópskt samvinnufélag er stofnað. Ef þátttökuréttur er fyrir hendi í einu eða fleiri félögum sem stofna evrópskt samvinnufélag skal hann að jafnaði fylgja með í flutningnum yfir í evrópska samvinnufélagið þegar því hefur verið komið á fót nema aðilar ákveði annað.

Ef ekki næst samkomulag í viðræðum milli fulltrúa starfsmanna og þáttökufélaganna skal kveða á um almennar reglur í samræmi við viðauka með tilskipuninni sem gilda um evrópskt samvinnufélag þegar það hefur verið stofnað. Þessar almennu reglur skulu tryggja skilvirka starfshætti við miðlun upplýsinga til starfsmanna og samráð við þá á fjölþjóðlegum grundvelli, einnig þátttöku þeirra í viðkomandi stofnunum evrópskra samvinnufélaga ef slík þátttaka var fyrir hendi í starfsstöðvum þáttökufélaganna fyrir stofnun evrópska samvinnufélagsins.

Það er grundvallarregla og yfirlýst markmið með tilskipuninni að tryggja áunninn rétt starfsmanna til að taka þátt í ákvörðunum í félaginu. Réttindi starfsmanna, sem eru í gildi áður en evrópskt samvinnufélag er stofnað, skulu vera grundvöllur að rétti starfsmanna til að eiga aðild að evrópska samvinnufélaginu (meginreglan um „fyrir og eftir“). Sú regla gildir ekki aðeins um stofnun evrópsks samvinnufélags heldur einnig um skipulagsbreytingar í starfandi evrópsku samvinnufélagi og félögum sem verða fyrir áhrifum af skipulagsbreytingunum.

Samkvæmt ákvæðum tilskipunarinnar skulu aðildarríkin hafa samþykkt nauðsynleg lög og stjórnáslufyrirmæli til að fara að tilskipuninni eigi síðar en 18. ágúst 2006 eða tryggja eigi síðar en þann dag að aðilar vinnumarkaðarins samþykki nauðsynleg ákvæði með samkomulagi sín í milli.

Fylgiskjal I.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

nr. 44/2004

frá 23. apríl 2004

um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XVIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 122/2003 frá 26. september 2003 ⁽¹⁾.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 331, 18.12.2003, bls. 48 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 64, 18.12.2003, bls. 28.

- 2) Tilskipun ráðsins 2003/72/EB frá 22. júlí 2003 um viðbætur við samþykktir fyrir evrópsk samvinnufélög að því er varðar aðild starfsmanna ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 32f (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/14/EB) í XVIII. viðauka við samninginn:

„32g. **32003 L 0072:** Tilskipun ráðsins 2003/72/EB frá 22. júlí 2003 um viðbætur við samþykktir fyrir evrópsk samvinnufélög að því er varðar aðild starfsmanna (Stjtið. ESB L 207, 18.8.2003, bls. 25).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2003/72/EB, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 24. apríl 2004 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 23. apríl 2004.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

P. Westerlund

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

Ø. Hovdkinn *M. Brinkmann*

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 207, 18.8.2003, bls. 25.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Fylgiskjal II.**TILSKIPUN RÁÐSINS 2003/72/EB**

frá 22. júlí 2003

um viðbætur við samþykktir fyrir evrópsk samvinnufélög að því er varðar aðild starfsmanna

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 308. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,með hliðsjón af álitni Evrópuþingsins ⁽²⁾,með hliðsjón af álitni efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ⁽³⁾,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Til að ná markmiðum sáttmálans eru, í reglugerð ráðsins (EB) nr. 1435/2003 ⁽⁴⁾, fastsettar samþykktir fyrir evrópsk samvinnufélög (SCE).
- 2) Sú reglugerð miðar að því að smíða samræmdan lagaramma en innan hans geta samvinnufélög og aðrir aðilar og einstaklingar frá mismunandi aðildarríkjum gert áætlanir um og framkvæmt endurskipulagningu á starfsemi sinni á forni samvinnufélags á Bandalagsvísu.
- 3) Til að vinna að félagslegum markmiðum Bandalagsins þarf að setja sérákvæði, nánar tiltekið á sviði aðildar starfsmanna, sem miðar að því að tryggja að venjur um aðild starfsmanna hjá aðilum, sem taka þátt í stofnun evrópsks samvinnufélags, hvorki hverfi né minnki að vægi við stofnun evrópska samvinnufélagsins. Markmiðinu skal fylgja eftir með því að setja bálk reglna á þessu sviði til viðbótar við ákvæði reglugerðar (EB) nr. 1435/2003.
- 4) Þar eð aðildarríkin geta ekki, með viðhlítandi hætti, náð markmiðum fyrirhugaðrar aðgerðar, sem rakin eru hér að framan, þ.e.a.s. að setja

reglur um aðild starfsmanna sem gilda fyrir evrópsk samvinnufélög, og þessi markmið nást þess vegna betur á vettvangi Bandalagsins vegna stærðar og umfangs fyrirhugaðrar aðgerðar, er Bandalaginu heimilt að gera ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna í umræddri grein er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná markmiðunum.

- 5) Vegna margbreytilegra reglna og venja, sem fyrir hendi eru í aðildarríkjunum, um það hvernig fulltrúar starfsmanna koma að ákvarðanatöku í samvinnufélögum er óráðlegt að hafa eina evrópska fyrirmynd af aðild starfsmanna sem á að gilda fyrir evrópsk samvinnufélög.
- 6) Málsmeðferð um upplýsingamiðlun og samráð milli landa skal tryggð í öllum tilvikum þegar evrópskt samvinnufélag er stofnað með nauðsynlegri aðlögun fyrir evrópsk samvinnufélög, sem eru stofnuð frá grunni, ef stærð þeirra gefur tilefni til þess og skal þá miðað við fjölda starfa.
- 7) Ef þátttökuréttur er fyrir hendi innan eins eða fleiri aðila, sem stofna evrópskt samvinnufélag, skal hann að jafnaði fylgja með í flutningnum yfir í evrópska samvinnufélagið þegar því hefur verið komið á fót nema aðilar ákveði annað.
- 8) Tiltekin málsmeðferð um miðlun upplýsinga til starfsmanna og samráð við þá milli landa ásamt þátttökurétti, ef við á, sem gilda skal fyrir öll evrópsk samvinnufélög, skal fyrst og fremst ákveðin með samkomulagi milli viðkomandi aðila eða, ef það er ekki fyrir hendi, með því að beita sérstökum reglum.
- 9) Aðildarríkin skulu samt eiga þess kost að beita ekki almennum reglum um þátttöku þegar um samruna er að ræða og er þá höfð í huga fjölbreytnin í innlendum kerfum um aðild starfs-

⁽¹⁾ Stjtið. EB C 236, 31.8.1993, bls. 36.⁽²⁾ Stjtið. EB C 42, 15.2.1993, bls. 75.⁽³⁾ Stjtið. EB C 223, 31.8.1992, bls. 42.⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 207, 18.8.2003, bls. 1.

- manna. Í því tilviki skal tryggja, með aðlögun skráningarreglnanna, að fyrirliggjandi kerfum og venjum um þátttöku, sem fyrir hendi voru hjá þátttökuaðilunum, sé viðhaldið.
- 10) Reglur um atkvæðagreiðslu í sérstakri samninganefnd starfsmanna skulu, einkum þegar samið er um minni þátttökurétt en fyrir hendi er hjá einum eða fleiri þátttökuaðila, vera í hlutfalli við hættuna á því að fyrirliggjandi þátttökukerfi og venjur hverfi eða minnki. Sú hættu er meiri ef um er að ræða evrópskt samvinnufélag, sem komið hefur verið á fót með umbreytingu eða samruna, heldur en þegar evrópskt samvinnufélag er stofnað frá grunni.
 - 11) Ef samkomulag næst ekki í samningaviðræðum milli fulltrúa starfsmanna og þar til bærra stofnana þátttökuaðila skal setja ákvæði um tilteknar almennar reglur sem skulu gilda um evrópskt samvinnufélag þegar það hefur verið stofnað. Þessar almennu reglur skulu tryggja skilvirka málsmeðferð við upplýsingamiðlun og samráð við starfsmenn milli landa, einnig þátttöku þeirra í viðkomandi stofnunum evrópska samvinnufélagsins ef slík þátttöku var fyrir hendi innan þátttökuaðilanna fyrir stofnun evrópska samvinnufélagsins.
 - 12) Þegar ekki er unnt að réttlæta beitingu framangreindrar málsmeðferðar gagnvart þátttökuaðilum í evrópsku samvinnufélagi, sem stofnað er frá grunni, vegna smæðar þeirra miðað við fjölda starfsmanna skal evrópska samvinnufélagið heyra undir gildandi innlendar reglur um aðild starfsmanna í aðildarríkinu þar sem það setur upp skráða skrifstofu eða í aðildarríkjum þar sem það hefur dótturfélög eða starfsstöðvar. Þetta hefur ekki áhrif á þá skyldu evrópsks samvinnufélags, sem þegar hefur verið stofnað, að hlíta þessari málsmeðferð ef verulegur fjöldi starfsmanna fer fram á það.
 - 13) Sérstök ákvæði skulu gilda um þátttöku starfsmanna í félagsfundum að svo miklu leyti sem landslög heimila það. Beiting þessara ákvæða kemur ekki í veg fyrir þátttöku með öðru sniði eins og kveðið er á um í þessari tilskipun.
 - 14) Aðildarríki skulu tryggja, með viðeigandi ákvæðum, að ef skipulagsbreytingar eru gerðar í kjölfar stofnunar evrópsks samvinnufélags megi endursemjast um tilhögun á aðild starfsmanna þar sem við á.
 - 15) Setja ber ákvæði um að fulltrúar starfsmanna, er starfa samkvæmt ákvæðum þessarar tilskipunar, skuli við störf sín njóta sömu verndar og trygginga og slíkir fulltrúar njóta samkvæmt landslögum og/eða venju í starfslandi sínu. Óheimilt er að beita þá misrétti, þ.m.t. stöðug áreitni, vegna löglegra starfa þeirra og þeir skulu njóta viðunandi verndar gagnvart uppsögnum og öðrum refsiaðgerðum.
 - 16) Halda skal leynd um viðkvæmar upplýsingar jafnvel eftir að skipunartími fulltrúa starfsmanna rennur út og setja ákvæði um að þar til bær stofnun evrópsks samvinnufélags geti sleppt því að birta upplýsingar sem gætu skaðað starfsemi evrópska samvinnufélagsins verulega ef þær yrðu gerðar opinberar.
 - 17) Ef evrópskt samvinnufélag, dótturfyrirtæki þess og starfsstöðvar lúta tilskipun ráðsins 94/45/EB frá 22. september 1994 um stofnun evrópsks samstarfsráðs eða samþykkt reglna í fyrirtækjum og fyrirtækjahópum er starfa á Bandalagsvísu varðandi upplýsingamiðlun og samráð við starfsmenn⁽¹⁾ skulu ákvæði þeirrar tilskipunar og ákvæði sem innleiða hana í landslög hvorki gilda um evrópska samvinnufélagið né dótturfyrirtæki þess eða starfsstöðvar nema sérstaka samninganefndin taki ákvörðun um að hefja ekki samningaviðræður eða binda enda á samningaviðræður sem þegar eru hafnar.
 - 18) Tilskipunin skal ekki hafa áhrif á önnur fyrirliggjandi réttindi varðandi aðild starfsmanna og þarf ekki að hafa áhrif á annað fulltrúa-fyrirkomulag sem er fyrir hendi og lög Bandalagsins og landslög kveða á um eða leiðir af venju.
 - 19) Aðildarríkin skulu gera viðeigandi ráðstafanir ef ekki er staðið við þær skuldbindingar sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun.
 - 20) Í sáttmálanum er Bandalaginu ekki veitt nauðsynlegt vald til að samþykkja þessa tilskipun að öðru leyti en því sem kveðið er á um í 308. gr.
 - 21) Það er grundvallarregla og yfirlýst markmið með þessari tilskipun að tryggja áunninn rétt starfsmanna til að taka þátt í ákvörðunum í

(¹) Stjtið. EB L 254, 30.9.1994, bls. 64. Tilskipuninni var breytt með tilskipun 97/74/EB (Stjtið. EB L 10, 16.1.1998, bls. 22).

félagi. Réttindi starfsmanna, sem eru í gildi áður en evrópskt samvinnufélag er stofnað, skulu vera grundvöllur að rétti starfsmanna til að eiga aðild að evrópska samvinnufélaginu (meginreglan um „fyrir og eftir“). Af þeim sökum skal sú nálgun ekki aðeins gilda um stofnun evrópsks samvinnufélags heldur einnig um skipulagsbreytingar í starfandi evrópsku samvinnufélagi og aðila sem verða fyrir áhrifum af skipulagsbreytingunum. Af þessu leiðir að ef skráð skrifstofa evrópsks samvinnufélags er flutt frá einu aðildarríki til annars skulu starfsmenn að minnsta kosti halda sömu réttindum til aðildar og áður. Enn fremur, ef viðmiðunarmörkum fyrir aðild starfsmanna er náð eða farið er fram úr þeim eftir skráningu evrópsks samvinnufélags, skulu þessi réttindi gilda á sama hátt og þau hefðu gilt ef viðmiðunarmörkunum hefði verið náð eða farið hefði verið fram úr þeim fyrir skráninguna.

- 22) Aðildarríki geta kveðið á um að fulltrúar stéttarfélaga geti verið aðilar í sérstakri samninganefnd án tillits til þess hvort þeir eru starfsmenn aðila sem tekur þátt í stofnun evrópsks samvinnufélags. Aðildarríki skulu, einkum í þessu samhengi, geta tekið upp þennan rétt í þeim tilvikum þar sem fulltrúar stéttarfélags eiga rétt á að vera fulltrúar, og greiða atkvæði, í eftirlitsstjórn eða stjórn í samræmi við landslög.
- 23) Í mörgum aðildarríkjum byggist aðild starfsmanna og önnur samskipti aðila vinnumarkaðarins bæði á landslögum og venjum, sem í þessu samhengi tekur einnig til kjarasamninga á ýmsum stigum á landsvísu, innan einstakra atvinnugreina og/eða félaga.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. ÞÁTTUR

ALMENNT

1. gr.

Markmið

- Undir þessa tilskipun fellur aðild starfsmanna að málefnum evrópskra samvinnufélaga, eins og um getur í reglugerð (EB) nr. 1435/2003.
- Til að ná þessu markmiði skal koma á fastri tilhögun um aðild starfsmanna í öllum evrópskum samvinnufélögum í samræmi við málsmeðferð um samningaviðræður, sem um getur í 3. til 6. gr. eða,

við aðstæðurnar sem tilgreindar eru í 7. og 8. gr., í samræmi við viðaukann.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- „evrópskt samvinnufélag“: hvers kyns samvinnufélag sem stofnað er í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1435/2003,
- „lögaðilar sem taka þátt“: félög og fyrirtæki, í skilningi annarrar málsgreinar 48. gr. sáttmálans, þ.m.t. samvinnufélög, sem og aðrir lög-aðilar sem hafa verið stofnaðir samkvæmt lögum aðildarríkis og heyra undir þau, er eiga beinan þátt í að stofna evrópskt samvinnufélag,
- „dótturfyrirtæki“ lögaðila, sem tekur þátt, eða evrópsks samvinnufélags: fyrirtæki sem lög-aðilinn eða evrópska samvinnufélagið hefur yfirráð yfir samkvæmt skilgreiningu í 2. til 7. mgr. 3. gr. tilskipunar 94/45/EB,
- „hlutaðeigandi dótturfyrirtæki eða starfsstöð“: dótturfyrirtæki eða starfsstöð lögaðila, sem tekur þátt, sem fyrirhugað er að verði dótturfyrirtæki eða starfsstöð evrópska samvinnufélagsins við myndun þess,
- „fulltrúar starfsmanna“: fulltrúar starfsmanna sem kveðið er á um í landslögum og/eða leiðir af venju,
- „fulltrúanefnd“: nefnd fulltrúa starfsmanna sem er sett á fót samkvæmt samkomulaginu, sem um getur í 4. gr., eða í samræmi við ákvæði viðaukans, með það í huga að upplýsa og hafa samráð við starfsmenn evrópsks samvinnufélags og dótturfyrirtækja og starfsstöðva þess í Bandalaginu og, þar sem við á, beita þátttökurétti starfsmanna að því er varðar evrópska samvinnufélagið,
- „sérstök samninganefnd“: nefnd sem sett er á fót í samræmi við 3. gr. til að semja við þar til bæra stofnun lögaðila, sem taka þátt, um fasta tilhögun á aðild starfsmanna í evrópska samvinnufélaginu,
- „aðild starfsmanna“: hvert það fyrirkomulag, þ.m.t. upplýsingamiðlun, samráð og þátttaka, þar sem fulltrúar starfsmanna geta haft áhrif á ákvarðanatöku í fyrirtæki,
- „upplýsingar“: upplýsingar sem þar til bær

stofnun evrópsks samvinnufélags miðlar til fulltrúanefndar starfsmanna og/eða fulltrúa starfsmanna um vafaatriði varðandi félagið sjálft og dótturfyrirtæki eða starfsstöðvar þess sem eru í öðru aðildarríki eða eru utan valdsviðs þeirra stofnana sem taka ákvarðanir í hverju aðildarríki, á þeim tíma, á þann hátt og með því inntaki sem gerir fulltrúum starfsmanna kleift að gera ítarlegt mat á hugsanlegum áhrifum og, þar sem við á, undirbúa samráð við þar til bæra stofnun evrópska samvinnufélagsins,

- j) „samráð“: viðræður og skoðanaskipti fulltrúanefndar starfsmanna og/eða fulltrúa starfsmanna og þar til bærrar stofnunar viðkomandi evrópsks samvinnufélags, á þeim tíma, á þann hátt og með því inntaki sem gerir fulltrúum starfsmanna kleift, á grundvelli fenginna upplýsinga, að láta í ljós álit sitt á ráðstöfunum sem þar til bæra stofnunin hefur fyrirhugað og kann álitnið að verða tekið til greina við ákvarðanatökur í evrópska samvinnufélaginu,
- k) „þátttaka“: áhrif fulltrúanefndar starfsmanna og/eða fulltrúa starfsmanna á málefni lögaðila með:
- rétti til að greiða atkvæði eða tilnefna einhverja fulltrúa í eftirlitsstjórn eða stjórn lögadilans eða
 - rétti til að mæla með og/eða gegn tilnefningu einhvers eða allra fulltrúa í eftirlitsstjórn eða stjórn lögaðilans.

II. ÞÁTTUR

MÁLSEMÐFERÐ VIÐ SAMNINGAVIÐRÆÐUR SEM GILDIR UM EVROPSK SAMVINNUFÉLÖG SEM STOFNUÐ ERU AF AÐ MINNSTA KOSTI TVEIMUR LÖGAÐILUM EÐA VIÐ UMBREYTINGU

3. gr.

Myndun sérstakrar samninganefndar

1. Þegar framkvæmdastjórn eða stjórn lögaðila, sem taka þátt, gerir áætlun um stofnun evrópsks samvinnufélags skal hún, eins fljótt og unnt er, gera nauðsynlegar ráðstafanir til að hefja samningaviðræður við fulltrúa starfsmanna lögaðilanna um tilhögun á aðild starfsmanna í evrópska samvinnufélaginu, þ.m.t. að láta í té upplýsingar um heiti lögaðilanna, sem taka þátt, og dótturfyrirtækja eða starfsstöðva, og fjölda starfsmanna þeirra.

2. Í þessum tilgangi skal stofnuð sérstök samninganefnd sem er í forsvari fyrir starfsmenn lögaðilanna, sem taka þátt, og hlutaðeigandi dótturfyrirtækja eða starfsstöðva, í samræmi við eftirfarandi ákvæði:

- a) Þegar fulltrúar í þessa sérstöku samninganefnd eru kosnir eða tilnefndir skal tryggja:
- i) að slíkir fulltrúar séu kosnir eða tilnefndir í hlutfalli við fjölda starfsmanna, sem eru ráðnir af lögaðilunum, sem taka þátt, og hlutaðeigandi dótturfyrirtækjum eða starfsstöðvum í hverju aðildarríki fyrir sig, með því að úthluta hverju aðildarríki einu sæti fyrir hvern hluta starfsmanna í því ríki sem jafngildir tíu af hundraði starfsmanna (eða broti af því) sem ráðnir eru í öllum aðildarríkjunum samanlagt,
 - ii) þegar evrópskt samvinnufélag er myndað við samruna er bætt við aðilum frá hverju aðildarríki fyrir sig, eftir þörfum, til að tryggj sé að í sérstöku samninganefndinni sé að minnsta kosti einn fulltrúi fyrir hvert samvinnufélag sem tekur þátt og er skráð og hefur starfsmenn í því aðildarríki og sem fyrirhugað er að verði ekki lengur sérstakur lögadili eftir skráningu evrópska samvinnufélagsins, að svo miklu leyti sem:

- fjöldi þessara viðbótarfulltrúa verði ekki meiri en tuttugu af hundraði þeirra fulltrúa sem eru tilnefndir með skirskotun til i-liðar, og
- skipan sérstöku samninganefndarinnar hafi ekki í för með sér að viðkomandi starfsmenn eigi tvo fulltrúa.

Ef fjöldi slíkra samvinnufélaga er meiri en tiltæk viðbótarsæti samkvæmt fyrstu undirgrein skal þessum viðbótarsætum úthlutað á samvinnufélög í mismunandi aðildarríkjum í fallandi röð eftir fjölda ráðinna starfsmanna í þeim.

- b) Hvert aðildarríki skal ákveða hvaða aðferð skuli beita við kosningu eða tilnefningu fulltrúa í sérstöku samninganefndina sem fer fram á yfirlýðingum þess. Þau skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja, að svo miklu leyti sem það er hægt, að a.m.k. einn fulltrúi frá hverjum lögaðila, sem tekur þátt, með starfsmenn í viðkomandi aðildarríki, sé í hópi slíkra fulltrúa. Þó má ekki bæta við heildarfjölda fulltrúanna með slíkum ráðstöfunum. Aðferðirnar, sem eru notaðar til að útnefna, tilnefna eða kjósa fulltrúa starfs-

manna, skulu miðaðar að því að stuðla að jöfnu hlutfalli kynjanna.

Aðildarríki geta kveðið svo á um að slíkir fulltrúar geti verið fulltrúar stéttarfélaganna hvort sem þeir eru starfsmenn lögaðila, sem tekur þátt, eða hlutaðeigandi dótturfyrirtækis eða starfsstöðvar.

Með fyrirvara um landslög og/eða venjur, sem segja fyrir um takmarkanir þegar fulltrúanefnd er komið á fót, skulu aðildarríki kveða á um að starfsmenn í fyrirtækjum eða starfsstöðvum þar sem starfsmenn hafa engan fulltrúa, án þess að það sé þeirra sök, hafi rétt til að kjósa eða tilnefna fulltrúa í fyrrnefnda sérstaka samninganefnd.

3. Sérstaka samninganefndin og þar til bærar stofnanir lögaðilanna, sem taka þátt, skulu ákvarða, með skriflegu samkomulagi, tilhögun á aðild starfsmanna í evrópska samvinnufélaginu.

Í þessu skyni skulu þar til bærar stofnanir lögaðilanna, sem taka þátt, greina sérstöku samninganefndinni frá áætluninni um stofnun evrópska samvinnufélagsins og sjálfu stofnunarferlinu fram að skráningu þess.

4. Með fyrirvara um 6. mgr. skal sérstaka samninganefndin taka ákvarðanir með hreinum meirihluta fulltrúa, að því tilskildu að sá meirihluti sé einnig fulltrúi hreins meirihluta starfsmanna. Hver aðili greiðir eitt atkvæði. Ef niðurstaða samningaviðræðna er sú að þátttökuréttur minnkar þarf meirihlutinn, sem á að samþykkja slíkan samning, að vera atkvæði frá tveimur þriðju hlutum sérstöku samninganefndarinnar sem í eru fulltrúar að minnsta kosti tveggja þriðju hluta starfsmanna, þ.m.t. atkvæði fulltrúa starfsmanna sem starfa í að minnsta kosti tveimur aðildarríkjum,

- þegar um er að ræða evrópskt samvinnufélag, sem á að stofna við samruna, ef a.m.k. 25% af heildarfjölda starfsmanna samvinnufélaganna, sem taka þátt, heyra undir þátttökutilhögunina, eða
- þegar um er að ræða evrópskt samvinnufélag sem á að stofna á annan hátt, ef a.m.k. 50% af heildarfjölda starfsmanna lögaðilanna, sem taka þátt, heyra undir þátttökutilhögunina.

Rýrari þátttökuréttur merkir að hlutfall fulltrúa í stjórnarstofnunum evrópska samvinnufélagsins, í skilningi k-liðar 2. gr., er lægra en hæsta hlutfallið hjá lögaðilunum sem taka þátt.

5. Í samningaviðræðum getur sérstaka samninganefndin valið sérfræðinga sér til aðstoðar, t.d. fulltrúa frá viðkomandi samtökum stéttarfélaganna í Bandalaginu. Þessir sérfræðingar geta verið viðstaddir samningafundi til að veita ráðgjöf að beiðni sérstöku samninganefndarinnar, ef við á til að stuðla að samræmi og samkvæmni í Bandalaginu í heild. Sérstaka samninganefndin getur ákveðið að greina fulltrúum viðeigandi utanaðkomandi samtaka, þ.m.t. stéttarfélögum, frá upphafi samningaviðræðna.

6. Sérstaka samninganefndin getur ákveðið, með þeim meirihluta sem er tilgreindur í annarri undirgrein, að hefja ekki samningaviðræður eða binda enda á samningaviðræður sem þegar eru hafnar og að bera fyrir sig þær reglur um miðlun upplýsinga til starfsmanna og samráð við þá, sem í gildi eru í aðildarríkjunum þar sem evrópska samvinnufélagið er með starfsmenn. Slík ákvörðun bindur enda á þá gerð samkomulags sem um getur í 4. gr. Þegar slík ákvörðun hefur verið tekin gilda ákvæði viðaukans ekki.

Meirihlutinn, sem þarf til að ákveða að hefja ekki samningaviðræður eða binda enda á þær, skal vera atkvæði frá tveimur þriðju hlutum fulltrúa a.m.k. tveggja þriðju hluta starfsmanna, þ.m.t. atkvæði fulltrúa starfsmanna sem starfa í að minnsta kosti tveimur aðildarríkjum.

Þegar evrópskt samvinnufélag er stofnað með umbreytingu skal þessi málsgrein ekki gilda ef þátttökufyrirkomulag er fyrir hendi í samvinnufélaginu sem á að breyta.

Kalla má sérstöku samninganefndina saman að nýju með skriflegri beiðni frá að minnsta kosti 10% starfsmanna evrópska samvinnufélagsins, dótturfyrirtækja þess og starfsstöðva, eða fulltrúum þeirra í fyrsta lagi tveimur árum eftir framangreinda ákvörðun nema aðilarnir samþykki að taka fyrir upp samningaviðræður á ný. Ef sérstaka samninganefndin ákveður að hefja samningaviðræður við framkvæmdastjórnina á ný en ekkert samkomulag næst í þeim samningaviðræðum gilda engin ákvæði viðaukans.

7. Lögaðilar, sem taka þátt, skulu bera þann kostnað sem hlýst af rekstri sérstöku samninganefndarinnar og almennt af samningaviðræðum þannig að sérstöku samninganefndinni sé gert kleift að sinna verkefnum sínum með eðlilegum hætti.

Í samræmi við þessa meginreglu geta aðildarríkin samþykkt reglur um fjárhagsáætlun fyrir starfsemi sérstöku samninganefndarinnar. Þau geta t.d. ákveð-

ið að gera aðeins ráð fyrir greiðslu til eins sérfræðings.

4. gr.

Efni samkomulagsins

1. Samningaviðræður þar til bærri stofnana lög- aðila, sem taka þátt, og sérstöku samninganefndarinnar skulu fara fram í anda samvinnu með það í huga að ná samkomulagi um tilhögun á aðild starfsmanna innan evrópska samvinnufélagsins.

2. Með fyrirvara um sjálffræði aðila og með fyrirvara um 4. mgr. skal í samkomulaginu, sem um getur í 1. mgr., milli þar til bærar stofnunar lögaðilanna, sem taka þátt, og sérstöku samninganefndarinnar tilgreina:

- a) umfang samkomulagsins,
- b) skipan, fjöldi fulltrúa og úthlutun sæta í fulltrúanefndinni sem verður viðræðuaðili þar til bærar stofnunar evrópska samvinnufélagsins í tengslum við tilhögun upplýsingamiðlunar til starfsmanna evrópska samvinnufélagsins og dótturfyrirtækja þess og starfsstöðva og samráð við þá,
- c) hlutverk fulltrúanefndarinnar og málsmeðferð um upplýsingamiðlun til hennar og samráð við hana,
- d) hve oft fulltrúanefndin skal koma saman,
- e) hvert fjármagn og aðbúnaður fulltrúanefndarinnar skal vera,
- f) ef aðilarnir taka ákvörðun í samningaviðræðunum um að koma á einni málsmeðferð, eða fleiri en einni, við upplýsingamiðlun og samráð í stað þess að skipa fulltrúanefnd, með hvaða hætti skuli beita þessari málsmeðferð,
- g) ef aðilarnir verða ásáttir í samningaviðræðum um að koma á tilhögun á þátttöku, inntak þeirrar tilhögunar, þ.m.t. (ef við á) fjöldi fulltrúa eftirlitsstjórnar eða stjórnar evrópska samvinnufélagsins sem starfsmennirnir eiga rétt á að kjósa, tilnefna, mæla með eða gegn, reglur um hvernig starfsmennirnir kjósa, tilnefna, mæla með eða á móti þessum fulltrúum og réttindi starfsmanna,
- h) gildistökudag samkomulagsins og gildistíma þess, í hvaða tilvikum það skuli framlengt og málsmeðferð við framlengingu þess, þ.m.t., eftir því sem við á, þegar skipulagsbreytingar verða á evrópska samvinnufélaginu og dótturfyrirtækj-

um þess og starfsstöðvum eftir stofnun evrópska samvinnufélagsins.

3. Samkomulagið skal ekki heyra undir almennu reglurnar sem um getur í viðaukanum nema í því sé ákvæði þar að lútandi.

4. Ef í hlut á evrópskt samvinnufélag, sem verður til við umbreytingu, skal samkomulagið kveða á um að aðild starfsmanna sé í öllum atriðum að minnsta kosti jafnmikil og í samvinnufélaginu sem á að umbreyta í evrópskt samvinnufélag, sbr. þó a-lið 3. mgr. 15. gr.

5. Í samkomulaginu er heimilt að tilgreina hvernig réttindum starfsmanna til þátttöku í félagsfundum eða svæða- eða deildarfundum, í samræmi við 9. gr. þessarar tilskipunar og 4. mgr. 59. gr. reglugerðar (EB) nr. 1435/ 2003, skuli háttáð.

5. gr.

Lengd samningaviðræðna

1. Samningaviðræður skulu hefjast um leið og sérstaka samninganefndin er sett á fót og þeim má halda áfram í sex mánuði eftir það.

2. Aðilarnir geta komið sér saman um, ef samkomulag næst, að framlengja samningaviðræðurnar fram yfir þann tíma, sem um getur í 1. mgr., í allt að eitt ár samanlagt frá stofnun sérstöku samninganefndarinnar.

6. gr.

Löggjöf sem gildir um málsmeðferð við samningaviðræður

Löggjöfin, sem gildir um málsmeðferð við samningaviðræðurnar sem kveðið er á um í 3., 4. og 5. gr., skal vera löggjöf aðildarríkisins þar sem skráð skrifstofa evrópska samvinnufélagsins er staðsett nema kveðið sé á um annað í þessari tilskipun.

7. gr.

Almennar reglur

1. Til að ná markmiðinu, sem lýst er í 1. gr., skulu aðildarríki mæla fyrir um almennar reglur um aðild starfsmanna og skulu þær vera í samræmi við ákvæðin sem sett eru fram í viðaukanum.

Almennu reglurnar, eins og mælt er fyrir um þær í löggjöf aðildarríkisins, þar sem fyrirhugað er að staðsetja skrifstofu evrópska samvinnufélagsins, skulu gilda frá skráningardegi evrópska samvinnufélagsins ef annaðhvort:

- a) aðilarnir koma sér saman um það eða
- b) ekkert samkomulag hefur náðst þegar fresturinn, sem mælt er fyrir um í 5. gr., er runninn út og:
- þar til bær stofnun hvers lögaðila, sem tekur þátt, tekur ákvörðun um að samþykkja beiðingu almennu reglnanna í tengslum við evrópska samvinnufélagið og halda með þeim hætti áfram með skráningu evrópska samvinnufélagsins, og
 - sérstaka samninganefndin hefur ekki tekið ákvörðunina sem kveðið er á um í 6. mgr. 3. gr.
2. Enn fremur skulu almennu reglurnar, sem eru settar í innlenda löggjöf skráningaraðildarríkisins í samræmi við 3. hluta viðaukans, eingöngu gilda:
- a) þegar evrópskt samvinnufélag er stofnað með umbreytingu ef reglur aðildarríkis varðandi þátttöku starfsmanna í stjórn eða eftirlitsstjórn gilda um samvinnufélag sem breytt er í evrópskt samvinnufélag,
- b) þegar evrópskt samvinnufélag verður til við samruna:
- ef þátttaka í einni eða fleiri myndum var fyrir hendi, fyrir skráningu evrópska samvinnufélagsins, í einu eða fleiri samvinnufélaganna sem taka þátt og tók til a.m.k. 25% af heildarfjölda ráðinna starfsmanna þeirra, eða
 - ef þátttaka í einni eða fleiri myndum var fyrir hendi, fyrir skráningu evrópska samvinnufélagsins, í einu eða fleiri samvinnufélaganna sem taka þátt og tók til minna en 25% af heildarfjölda ráðinna starfsmanna þeirra og sérstaka samninganefndin ákveður það,
- c) þegar evrópskt samvinnufélag verður til á einhvern annan hátt:
- ef þátttaka í einni eða fleiri myndum var fyrir hendi, fyrir skráningu evrópska samvinnufélagsins, hjá einum eða fleiri lögaðilum, sem taka þátt, og tók til a.m.k. 50% af heildarfjölda ráðinna starfsmanna þeirra, eða
 - ef þátttaka í einni eða fleiri myndum var fyrir hendi, fyrir skráningu evrópska samvinnufélagsins, hjá einum eða fleiri lögaðilum, sem taka þátt, og tók til minna en 50% af heildarfjölda ráðinna starfsmanna þeirra og sérstaka samninganefndin ákveður það.
- Ef þátttaka í fleiri en einni mynd var fyrir

hendi hjá lögaðilunum, sem taka þátt, skal sérstaka samninganefndin ákveða hver þessara þátttökumynda skuli notuð í evrópska samvinnufélaginu. Aðildarríkjunum er heimilt að setja reglur er skulu gilda þegar engar ákvarðanir hafa verið teknar um málið fyrir evrópskt samvinnufélag sem er skráð á yfirráðasvæði viðkomandi aðildarríkis. Sérstaka samninganefndin skal greina þar til bærnum stofnunum lögaðilanna, sem taka þátt, frá þeim ákvörðunum sem teknar eru samkvæmt þessari málsgrein.

3. Aðildarríkjunum er heimilt að mæla fyrir um að almennu reglurnar, sem um getur í 3. hluta viðaukans, skulu ekki gilda í því tilviki sem kveðið er á um í b-lið 2. mgr.

III. ÞÁTTUR

REGLUR SEM GILDA UM EVRÓPSK SAMVINNUFÉLÖG SEM STOFNUÐ ERU AF EINSTAKLINGUM EINGÖNGU EÐA EINUM LÖGAÐILA OG EINSTAKLINGUM

8. gr.

1. Þegar evrópskt samvinnufélag er stofnað af einstaklingum eingöngu, eða af einum lögaðila og einstaklingum, sem hafa samtals að minnsta kosti 50 starfsmenn í vinnu í a.m.k. tveimur aðildarríkjum, skulu ákvæði 3. til 7. gr. gilda.
2. Þegar evrópskt samvinnufélag er stofnað af einstaklingum eingöngu, eða af einum lögaðila og einstaklingum, sem hafa samtals færri en 50 starfsmenn í vinnu, eða hafa 50 eða fleiri starfsmenn í vinnu í aðeins einu aðildarríki, skal eftirfarandi gilda um aðild starfsmanna:
 - innan evrópska samvinnufélagsins sjálfs gilda þau ákvæði aðildarríkisins, þar sem evrópska samvinnufélagið hefur skráða skrifstofu, sem gilda um aðra aðila sömu gerðar,
 - innan dótturfyrirtækja þess og starfsstöðva gilda þau ákvæði aðildarríkisins, þar sem þau eru staðsett, sem gilda um aðra aðila sömu gerðar.

Ef evrópskt samvinnufélag, sem heyrir undir reglur um þátttöku, flytur skráða skrifstofu sína frá einu aðildarríki til annars skulu starfsmenn a.m.k. halda sömu réttindum til þátttöku og áður.

3. Ákvæði 3. til 7. gr. skulu gilda, að breyttu breytanda, ef a.m.k. einn þriðji af heildarfjölda starfsmanna evrópska samvinnufélagsins, dótturfyrirtækja þess og starfsstöðva í a.m.k. tveimur mismunandi

aðildarríkjum fer fram á það, eða ef heildarstarfsmannaföldi er 50 eða fleiri starfsmenn í a.m.k. tveimur aðildarríkjum, eftir skráningu evrópsks samvinnufélags eins og um getur í 2. mgr. Í slíku tilviki skulu orðin „evrópskt samvinnufélag“ koma í stað orðanna „lögaðilar sem taka þátt“ og „dótturfyrirtæki eða starfsstöðvar evrópska samvinnufélagsins“ í stað „hlutaðeigandi dótturfyrirtæki eða starfsstöð“.

IV. ÞÁTTUR

ÞÁTTTAKA Í FÉLAGSFUNDI EÐA SVÆÐA- EÐA DEILDARFUNDUM

9. gr.

Með fyrirvara um þær takmarkanir, sem mælt er fyrir um í 4. mgr. 59. gr. reglugerðar (EB) nr. 1435/2003, eiga starfsmenn evrópsks samvinnufélags og/eða fulltrúar þeirra rétt til þátttöku í félagsfundum, eða í svæða- eða deildarfundum, ef þeir eru haldnir, og til að greiða atkvæði, í eftirfarandi tilvikum:

1. ef aðilarnir ákveða það í samkomulaginu sem um getur í 4. gr., eða
2. þegar samvinnufélag, sem fellur undir slíkt kerfi, breytist í evrópskt samvinnufélag, eða
3. þegar samvinnufélag, sem tekur þátt, féll undir slíkt kerfi ef um er að ræða evrópskt samvinnufélag sem verður til á annan hátt en með umbreytingu og:
 - i) aðilar ná ekki samkomulagi, eins og um getur í 4. gr., áður en fresturinn, sem mælt er fyrir um í 5. gr., rennur út, og
 - ii) b-liður 1. mgr. 7. gr. og 3. hluti viðaukans gilda, og
 - iii) samvinnufélagið sem tekur þátt og fellur undir slíkt kerfi er með hæsta þátttökuhlutfall, í skilningi k liðar 2. gr., sem er í gildi hjá hlutaðeigandi samvinnufélögum, sem taka þátt, fyrir skráningu evrópska samvinnufélagsins.

V. ÞÁTTUR

ÝMIS ÁKVÆÐI

10. gr.

Fyrirvari og þagnarskylda

1. Aðildarríkin skulu kveða á um að fulltrúum í sérstöku samninganefndinni eða fulltrúanefndinni

og sérfræðingum, sem eru þeim til aðstoðar, sé óheimilt að láta í té upplýsingar sem þeim hafa verið veittar í trúnaði.

Hið sama gildir um fulltrúa starfsmanna í tengslum við upplýsingamiðlun og samráð.

Þessi kvöð fylgir einstaklingum hvar sem þeir kunna að vera og einnig eftir að skipunartími þeirra er á enda.

2. Hvert aðildarríki um sig skal kveða á um, í sérstöku tilvikum og með þeim skilyrðum og takmörkunum sem mælt er fyrir um í landslögum, að eftirlitsstjórn eða stjórn evrópsks samvinnufélags eða lögaðila, sem tekur þátt, sem stofnuð eru á yfirráðasvæði þess, sé ekki skuldbundin til að veita upplýsingar ef þær eru þess eðlis, samkvæmt hlutlægum viðmiðunum, að þær geti haft mjög skaðleg áhrif á starfsemi evrópska samvinnufélagsins (eða lögaðila, sem tekur þátt, ef um slíkt er að ræða) eða dótturfyrirtækja þess og starfsstöðva eða valdið þeim tjóni.

Aðildarríki getur gert það að skilyrði fyrir slíkri undanþágu að fyrst liggja fyrir til þess stjórnisylu- eða réttarfarslegar heimildir.

3. Hvert aðildarríki um sig getur sett sérákvæði varðandi evrópsk samvinnufélög á yfirráðasvæði sínu, sem vilja með beinum hætti veita hugmyndafræðilega leiðsögn að því er varðar upplýsingar og framsetningu álita, með því skilyrði að þessi ákvæði hafi verið samþykkt og tekin upp í landslög áður en þessi tilskipun verður samþykkt.

4. Ef aðildarríki beita 1., 2. og 3. mgr. skulu þau setja ákvæði um málsmeðferð um áfrýjun til stjórnvalda eða dómstóla sem fulltrúar starfsmanna geta hafið þegar eftirlitsstjórn eða stjórn evrópsks samvinnufélags eða lögaðila, sem tekur þátt, krefst trúnaðar eða veitir ekki upplýsingar.

Slík málsmeðferð getur falið í sér reglur um trúnað vegna þeirra upplýsinga sem um er að ræða.

11. gr.

Starf fulltrúanefndar og málsmeðferð um miðlun upplýsinga til starfsmanna og samráð við þá

Þar til bær stofnun evrópska samvinnufélagsins og fulltrúanefndarinnar skulu starfa í anda samvinnu með tilhlýðilegu tilliti til gagnkvæmra réttinda og skuldbindinga.

Hið sama gildir um samvinnu eftirlitsstjórnar eða stjórnar evrópska samvinnufélagsins og fulltrúa starfsmanna sem starfa í tengslum við málsmeðferð um upplýsingamiðlun til starfsmanna og samráð við þá.

12. gr.

Verndun fulltrúa starfsmanna

Fulltrúar sérstöku samninganefndarinnar, fulltrúar í fulltrúanefndinni, fulltrúar starfsmanna, sem starfa samkvæmt málsmeðferð um upplýsingamiðlun og samráð og allir fulltrúar starfsmanna í eftirlitsstjórn eða stjórn evrópsks samvinnufélags, sem eru starfsmenn félagsins, dótturfyrirtækja þess, starfsstöðva eða lögaðila, sem tekur þátt, skulu við störf sín njóta sömu verndar og trygginga og fulltrúar starfsmanna njóta samkvæmt gildandi landslögum og/eða sem leiðir af venju í starfslandi þeirra.

Þetta á einkum við um fundarsetu í sérstöku samninganefndinni eða fulltrúanefndinni eða um aðra fundi, er falla undir samkomulagið sem um getur í f-lið 2. mgr. 4. gr., eða um fundi stjórnar eða eftirlitsstjórnar og greiðslu launa til fulltrúa sem starfa hjá lögaðila, sem tekur þátt, eða evrópska samvinnufélaginu eða dótturfyrirtækjum þess eða starfsstöðvum fyrir þann tíma sem þeir þurfa að vera fjarverandi við skyldustörf sín.

13. gr.

Misnotkun málsmeðferða

Aðildarríki skulu gera viðeigandi ráðstafanir, í samræmi við lög Bandalagsins, til þess að koma í veg fyrir misnotkun evrópsks samvinnufélags sem miðar að því að svipta starfsmenn réttindum til aðildar eða synja þeim um slík réttindi.

14. gr.

Ákvæði tilskipunarinnar uppfyllt

1. Hvert aðildarríki um sig skal tryggja að stjórn starfsstöðva evrópsks samvinnufélags og dótturfyrirtækis eða eftirlitsstjórn eða stjórn dótturfyrirtækja og lögaðila, sem taka þátt og eru með aðsetur á yfiráðasvæði þess, og fulltrúar starfsmanna þess eða, eftir því sem við á, starfsmennirnir sjálfir uppfylli þær skuldbindingar sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, óháð því hvort evrópska samvinnufélagið er með skráða skrifstofu á yfiráðasvæði þess.

2. Aðildarríkin skulu kveða á um viðeigandi ráðstafanir ef ekki er farið að þessari tilskipun; einkum

skulu þau tryggja að kostur sé á stjórnsýslu- og dómsmeðferð svo að unnt sé að standa við þær skuldbindingar sem af þessari tilskipun leiðir.

15. gr.

Tengsl þessarar tilskipunar og annarra ákvæða

1. Þegar evrópskt samvinnufélag er fyrirtæki, er starfar á Bandalagsvísu, eða ráðandi fyrirtæki fyrirtækjahópa, er starfa á Bandalagsvísu í skilningi tilskipunar 94/45/EB eða tilskipunar ráðsins 97/74/EB frá 15. desember 1997 um rýmkun téðrar tilskipunar þannig að hún nái til Breska konungsríkisins ⁽¹⁾, skulu ákvæði þessara tilskipana og ákvæði sem varða lögleiðingu þeirra í landslög ekki gilda um það eða dótturfyrirtæki þess.

Þegar sérstaka samninganefndin ákveður, hins vegar, í samræmi við 6. mgr. 3 gr., að hefja ekki samningaviðræður eða binda enda á samningaviðræður sem þegar eru hafnar gildir tilskipun 94/45/EB eða tilskipun 97/74/EB og ákvæði um lögleiðingu þeirra í landslög.

2. Ákvæði um þátttöku starfsmanna í nefndum, sem kveðið er á um í landslögum og/eða leiðir af venju, nema þau sem varða framkvæmd þessarar tilskipunar, skulu ekki gilda um evrópsk samvinnufélög sem heyra undir 3. til 7. gr.

3. Tilskipunin skal ekki hafa áhrif á:

- a) rétt starfsmanna til aðildar, sem kveðið er á um í landslögum og/eða leiðir af venju í aðildarríkjunum og starfsmenn evrópska samvinnufélagsins og dótturfyrirtækja þess og starfsstöðva njóta, nema rétt til þátttöku í nefndum evrópska samvinnufélagsins,
- b) ákvæðin um þátttöku í þeim nefndum, sem mælt er fyrir um í landslögum og/eða leiðir af venju, er gilda um dótturfyrirtæki evrópska samvinnufélagsins eða um evrópsk samvinnufélög sem heyra ekki undir 3. til 7. gr.

4. Með það í huga að varðveita þau réttindi sem um getur í 3. mgr. geta aðildarríkin gert nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að skipulag varðandi fulltrúa starfsmanna hjá lögaðilum, sem taka þátt, og ekki verða lengur til sem sérstakir lögaðilar haldist eftir skráningu evrópska samvinnufélagsins.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 10, 16.1.1998, bls. 22

16. gr.

Lokaákvæði

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 18. ágúst 2006 eða tryggja eigi síðar en þann dag að aðilar vinnurmarkaðarins samþykki nauðsynleg ákvæði með samkomulagi sín í milli og eru aðildarríkin þá skuldbundin til að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að gera þeim ætíð kleift að tryggja þann árangur sem náðst hefur með þessari tilskipun. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

2. Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

17. gr.

Endurskoðun framkvæmdastjórnarinnar

Eigi síðar en 18. ágúst 2009 skal framkvæmdastjórnin, í samráði við aðildarríkin og vinnuveitendur og launþega í Bandalaginu, endurskoða reglur um beitingu þessarar tilskipunar, með það í huga að leggja viðeigandi breytingar fyrir ráðið ef þörf er á.

18. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

19. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 22. júlí 2003.

Fyrir hönd ráðsins,

G. Alemanno

forseti.

VIÐAUKI**ALMENNAR REGLUR**

(sem um getur í 7. og 8. gr.)

1. hluti: Skipan fulltrúanefndar starfsmanna

Til þess að ná markmiðinu sem lýst er í 1. gr. og í þeim tilvikum sem um getur í 7. gr. skal fulltrúanefnd skipuð í samræmi við eftirfarandi reglur:

- a) Fulltrúanefnd skal skipuð starfsmönnum evrópska samvinnufélagsins og dótturfyrirtækja þess og starfsstöðva sem fulltrúar starfsmanna eða, ef þeir eru ekki til staðar, allir starfsmenn kjósa eða tilnefna úr hópi starfsmanna.
- b) Kosning eða tilnefning fulltrúa í fulltrúanefndina skal fara fram í samræmi við landslög og/eða venju. Aðildarríkin skulu mæla fyrir um reglur til að tryggja að fjöldi fulltrúa og úthlutun sæta í fulltrúanefndina verði lagaðar að breytingum sem verða í evrópska samvinnufélaginu og dótturfyrirtækjum þess og starfsstöðvum. Aðferðirnar, sem eru notaðar til að útnefna, tilnefna eða kjósa fulltrúa starfsmanna, skulu miðaðar að því að stuðla að jöfnu hlutfalli kynjanna.
- c) Ef stærð ráðsins gefur tilefni til slíks skal fulltrúanefndin kjósa í undirnefnd, úr hópi fulltrúa, sem í eru mest þrír nefndarmenn.
- d) Fulltrúanefndin setur sér starfsreglur.
- e) Fulltrúar í fulltrúanefndina eru kosnir eða tilnefndir í hlutfalli við fjölda starfsmanna, sem eru ráðnir af evrópska samvinnufélaginu og dótturfyrirtækjum þess eða starfsstöðvum í hverju aðildarríki fyrir sig, með því að úthluta hverju aðildarríki einu sæti fyrir hvern hluta starfsmanna í því ríki sem jafngildir tíu af hundraði starfsmanna (eða broti af því) sem ráðnir eru í öllum aðildarríkjunum samanlagt.

- f) Tilkynna skal þar til bærrí stofnun evrópska samvinnufélagsins um skipan fulltrúanefndarinnar.
- g) Innan fjögurra ára frá því að fulltrúanefndin hefur verið stofnuð skal hún kanna hvort hefja eigi viðræður um gerð samkomulagsins, sem um getur í 4. og 7. gr., eða beita áfram almennu reglunum sem samþykktar voru í samræmi við þennan viðauka.

Ákvæði 3. gr. (4. til 7. mgr.) og 4., 5. og 6. gr. skulu gilda, að breyttu breytanda, hafi ákvörðun verið tekin um viðræður varðandi samkomulag í samræmi við 4. gr., og hugtakið „fulltrúanefnd“ komi í stað „sérstöku samninganefndarinnar“. Þegar frestur til að ljúka samningaviðræðunum er runninn út og ekkert samkomulag hefur náðst skal sú tilhögun sem fyrst var samþykkt, í samræmi við almennu reglurnar, gilda áfram.

2. hluti: Almennar reglur um upplýsingamiðlun og samráð

Um valdsvið og heimildir fulltrúanefndar, sem komið er á fót í evrópsku samvinnufélagi, skulu eftirfarandi reglur gilda:

- a) Valdsvið fulltrúanefndar skal takmarkast við mál er varða evrópska samvinnufélagið sjálft og dótturfyrirtæki þess eða starfsstöðvar í öðru aðildarríki eða ná út fyrir valdsvið stjórnarstofnana sem taka ákvarðanir í einu aðildarríki.
- b) Með fyrirvara um fundi, sem haldnir eru samkvæmt c-lið, hefur fulltrúanefndin rétt á að hitta fulltrúa þar til bærrar stofnunar evrópska samvinnufélagsins að minnsta kosti einu sinni á ári til upplýsingar og samráðs á grundvelli skýrslna sem þar til bæra stofnunin tekur reglulega saman um rekstur evrópska samvinnufélagsins og rekstrarhorfur. Stjórnendur á viðkomandi stöðum skulu jafnframt fá upplýsingar.

Þar til bær stofnun evrópska samvinnufélagsins skal láta fulltrúanefndinni í té dagskrá stjórnarfundar eða, þar sem við á, funda stjórnar og eftirlitsstjórnar, ásamt afritum af öllum skjölum sem lögð eru fram á félagsfundi.

Fundurinn skal einkum fjalla um skipulag, efnahagslega og fjárhagslega stöðu, líklega þróun í rekstri, framleiðslu og sölu, framtaksverkefni hvað varðar félagslega ábyrgð fyrirtækja, ástand og horfur í atvinnumálum, fjárfestingar og umtalsverðar breytingar er varða skipulag, innleiðingu nýrra vinnuhátta eða framleiðsluaðferða, flutning framleiðslu, samruna, niðurskurð eða lokun fyrirtækja, starfsstöðva eða annarra mikilvægra hluta þeirra og hópuppsagnir.

- c) Ef fyrir hendi eru sérstakar aðstæður sem hafa umtalsverð áhrif á hagsmuni starfsmanna, einkum flutningur, lokun starfsstöðva eða fyrirtækja eða hópuppsagnir, skal fulltrúanefndin eiga rétt á upplýsingum. Fulltrúanefndin eða, ef hún ákveður svo, einkum ef brýnt er, undirnefndin hefur rétt til að hitta, að eigin ósk, aðila þar til bærrar stofnunar evrópska samvinnufélagsins eða stjórnendur á öðru stjórnunarstigi, sem á betur við, innan evrópska samvinnufélagsins með eigin ákvörðunarrétt til þess að fá upplýsingar og til að haft sé samráð við hana um mikilvægar ráðstafanir sem hafa umtalsverð áhrif á hagsmuni starfsmanna.

Ef þar til bæra stofnunin ákveður að aðhafast ekki í samræmi við álitid sem fulltrúanefndin hefur látið í ljós hefur nefndin rétt á að hitta aftur fulltrúa þar til bærrar stofnunar evrópska samvinnufélagsins með það í huga að leita eftir samkomulagi.

Þeir aðilar í fulltrúanefndinni sem eru fulltrúar starfsmanna sem viðkomandi ráðstafanir hafa bein áhrif á skulu einnig eiga rétt á að taka þátt í fundum sem ráðgerðir eru með undirnefndinni.

Fundirnir, sem um getur hér að framan, hafa ekki áhrif á heimildir þar til bærrar stofnunar.

- d) Aðildarríkjunum er heimilt að mæla fyrir um reglur um forsæti á fundum sem varða upplýsingamiðlun og samráð.

Áður en fundur er haldinn með þar til bæri stofnun evrópska samvinnufélagsins á fulltrúanefndin eða undirnefndin, sem er, ef nauðsyn krefur, stækkuð í samræmi við þriðju undirgrein c-liðar, rétt á að funda án þess að fulltrúar þar til bæru stofnunarinnar séu viðstaddir.

- e) Með fyrirvara um 10. gr. skulu fulltrúanefndarmenn veita fulltrúum starfsmanna evrópska samvinnufélagsins og dótturfyrirtækja þess og starfsstöðva vitneskju um efni og niðurstöður upplýsingamiðlunarinnar og samráðsins.

- f) Fulltrúanefndin eða undirnefndin geta leitað aðstoðar sérfræðinga að eigin vali.

Fulltrúanefndarmenn skulu hafa rétt á starfshléi til þjálfunar án þess að missa við það laun, að svo miklu leyti sem það er nauðsynlegt vegna starfa þeirra.

- h) Evrópska samvinnufélagið greiðir kostnað fulltrúanefndarinnar og sér fulltrúum þess fyrir því fjármagni og þeirri aðstöðu sem þeim er nauðsynleg til að sinna skyldum sínum.

Einkum skal evrópska samvinnufélagið greiða kostnað vegna skipulagningar funda og túlkunar og gisti- og ferðakostnað fulltrúanefndarmanna og undirnefndar þess, nema samið sé um annað.

Í samræmi við þessar meginreglur geta aðildarríkin samþykkt reglur um fjárhagsáætlun vegna starfsemi fulltrúanefndarinnar. Þau geta t.d. ákveðið að gera aðeins ráð fyrir greiðslu til eins sérfræðings.

3. hluti: Almennar reglur um þátttöku

Um þátttöku starfsmanna í evrópsku samvinnufélagi skulu eftirfarandi ákvæði gilda:

- a) Þegar evrópskt samvinnufélag verður til við umbreytingu og reglur aðildarríkis, sem varða þátttöku starfsmanna í stjórn eða eftirlitsstjórn, giltu fyrir skráninguna skulu öll atriði, sem snúa að þátttöku starfsmanna, gilda áfram fyrir evrópska samvinnufélagið. Að breyttu breytanda skal b-liður gilda í því skyni.
- b) Í öðrum tilvikum þar sem evrópskt samvinnufélag er stofnað hafa starfsmenn félagsins, dótturfyrirtækja þess og starfsstöðva og/eða fulltrúanefndar þeirra rétt á að kjósa, tilnefna, mæla með eða gegn tilnefningu nokkurra fulltrúa í stjórn eða eftirlitsstjórn evrópska samvinnufélagsins til jafns við hæsta hlutfallið sem í gildi er í viðkomandi þátttökufélögum áður en evrópska samvinnufélagið er skráð.
- c) Ef enginn aflögaðilunum, sem taka þátt, starfar samkvæmt þátttökureglum fyrir skráningu evrópska samvinnufélagsins er þess ekki krafist að evrópska samvinnufélagið setji ákvæði um þátttöku starfsmanna.
- d) Fulltrúanefndin ákveður hvernig sætum í stjórn eða eftirlitsstjórn er úthlutað til fulltrúa starfsmanna frá hinum ýmsu aðildarríkjum eða hvernig starfsmenn evrópska samvinnufélagsins geta mælt með eða gegn tilnefningu fulltrúa í þessar nefndir í samræmi við hlutfall starfsmanna evrópska samvinnufélagsins í hverju aðildarríki fyrir sig. Ef þessi hlutfallsviðmiðun tekur ekki til starfsmanna í einu eða fleiri aðildarríkjum skal fulltrúanefndin tilnefna fulltrúa frá einu þessara aðildarríkja, einkum aðildarríkinu þar sem skrifstofa evrópska samvinnufélagsins er skráð, þar sem það á við. Hvert aðildarríki fyrir sig getur ákveðið úthlutun sæta sem það hefur til umráða í stjórninni eða eftirlitsstjórninni.
- e) Hver fulltrúi í stjórninni eða, þar sem það á við, eftirlitsstjórn evrópska samvinnufélagsins, sem fulltrúanefndin eða, eftir aðstæðum, starfsmenn, hafa kosið, tilnefnt eða mælt með, skal vera fullgildur nefndarmaður með sömu réttindi og skyldur og fulltrúar félagsaðila samvinnufélagsins, þ.m.t. réttur til að greiða atkvæði.